

C. Almenn ákvæði.

11

29. jan.

13. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Vanræki rafveitan skyldur þær, sem á henni hvíla samkvæmt reglugerð þessari, skal leyfishafi sæta sektum, og ef miklar sakir eru, missa leyfi það, sem hann nú hefir til sölu raforku og til rafvirkjunar innan Eyrarbakkahrepps.

Sektir renna í ríkissjóð.

14. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 1932, um raforkuvirki, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 10 11. febrúar 1921 um meðferð og notkun rafmagns á Eyrarbakka.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

G J A L D S K R Á

12

29. jan.

fyrir rafveitu Eyrarbakka.

1. gr.

- Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og með því verði, sem hér segir:
- a. Öll raforka skal seld um mæli á 1 kr. hver kílóvattstund til ljósa og útvarpsviðtækja, en á 40 aura hver kílóvattstund til iðnaðar.
 - b. Mælar, sem eru eign rafveitunnar, eru leigðir rafmagnsnotendum, og greiði þeir í leigu af hverjum mæli 80 aura fyrir hvern mánuð.

2. gr.

Gjöld fyrir raforkuna og leiga af mælum greiðist eftir á, þegar eftir hvern álestur. Ef gjöld eru eigi greidd áður en mánuður er liðinn frá gjalddaga, er rafveitunni heimilt að rjúfa samband notandans við rafveituna eftir skriflega aðvörum.

3. gr.

Ef verðhækkun verður á olíum eða öðru, sem rafveitan þarf til daglegs reksturs síns, er hreppsnefndinni heimilt að hækka gjaldið fyrir raforkuna sem svarar hækkun vinnslukostnaðarins, þó ekki yfir 25%, nema samþykki ráðuneytisins komi til.

4. gr.

Gjöldin fyrir raforku og leigu straummæla má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

12

5. gr.

29. jan. Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Eyrarbakka frá 18. október 1933.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 83 1932, um raforkuvirki, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

13

31. jan.

G J A L D S K R Á

fyrir talsímanotendur utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

A. Uppsetningargjald.

1. Fyrir hvert talfæri	kr. 50.00
2. — aukabjöllu	— 15.00
3. — tengilkvísli	— 20.00

Ofan nefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar, að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem vegna nýrra staura, nýs skiptiborðs eða ef rúmleysi er á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin í hvert skipti.

B. Árlegt afnotagjald.

I. Stöðvar, sem hafa færri en 150 notendur.

1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	kr. 80.00
2. — 1 línu með 2 talfærum í sama húsi	— 140.00
3. — hvert talfæri fram yfir 2 í sama húsi	— 50.00
4. — 1 línu með 2 talfærum í 2 húsum	— 150.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður)	
5. — vanalega aukabjöllu í sambandi við talfæri	— 16.00
6. — stóra aukabjöllu í sambandi við talfæri	— 20.00
7. — aukaheyrnartól	— 12.00
8. — tengilkvísli	— 20.00

II. Stöðvar, sem hafa 150 notendur eða fleiri.

	Stöðin opin:		Allan sólarhringinn
	kl. 8—21	kl. 8—24	
1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	80.00	90.00	100.00
2. — 1 lína með 2 talfærum í sama húsi	140.00	155.00	170.00
3. — hvert talfæri fram yfir 2 í sama húsi	50.00	55.00	60.00
4. — 1 línu með 2 talfærum í 2 húsum	150.00	165.00	180.00
(þegar stutt er á milli, ef leyft verður)			
5. — aukabjöllur, aukaheyrnartól og tengilkvíslar eru gjöldin hin sömu og við stöðvar með færri en 150 notendum (sjá B I, 5.—8. lið).			